

## STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2024, mánudaginn 28. október kl. 13:00 var haldinn 357. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson og Guðveig Eyglóardóttir.

Einnig tóku Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri og Snorri Hafsteinn Þorkelsson þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

### **Petta gerðist:**

1. Forstjóri og stjórnarfolk gerðu grein fyrir samskiptum milli stjórnarfunda. Yfirlit forstjóra þar um, dags. 28. október 2024 lagt fram.
2. Fundargerð stjórnarfundar SF356 lögð fram. Fundargerðin samþykkt og verður send til rafrænnar undirritunar stjórnar.
3. Klukkan 13:07 mætti Snorri Hafstein Þorkelsson, framkvæmdastjóri fjármála til fundarins og gerði að nýju grein fyrir fjárhagsspá 2025-2029, sem kynnt var á SF 355. Umræður. Fjárhagsspáin borin upp og samþykkt samhljóða.

Snorri gerði einnig grein fyrir 9 mánaða uppgjöri samstæðu Orkuveitunnar og dótturfélaga. Umræður.

4. Klukkan 13:35 mætti Einar Þórarinnsson, framkvæmdastjóri Ljósleiðarans til fundarins og gerði grein fyrir stöðu og horfum hjá Ljósleiðaranum. Umræður.
5. Klukkan 14:30 mættu til fundarins Edda Sif Aradóttir, framkvæmdastýra Carbfix ásamt Kristni Inga Lárussyni, viðskiptaþróunarstjóra og Matthew Ball, fulltrúa Morgan Stanley, sem tók þátt um fjarfundabúnað, og kynntu stöðu varðandi fjármögnun Carbfix. Umræður.

Einnig lögð fram svohljóðandi tillaga. Tillögunni fylgir greinargerð:

*Stjórn Orkuveitunnar heimilar að Orkuveitan framlengi skammtímalánasamning við Carbfix hf. til 31.12.2025. Heildarlánasamningur er 7.000 m.kr. Framangreind heimild nær einnig til undirritunar allra skjala og gagna sem heimildin nær til.*

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

6. Klukkan 15:30 mætti Vigdís Eva Líndal, upplýsingaöryggisstjóri, til fundarins um fjarfundabúnað og gerði grein fyrir niðurstöðum úttektar á upplýsingaöryggi, sem fram fór í september sl.
7. Klukkan 15:37 mætti Eiríkur Hjálmarsson, sjálfbærnistjóri, til fundarins um fjarfundabúnað og kynnti sjálfbærniupplýsingar og breytingar á framsetningu ársskýrslu og skýrslu stjórnar í ársreikningi (CCD). Fáist viðunandi tilboð frá GrantThornton í vinnu við formlega skoðun á ófjárhagslegum upplýsingum verður heimildar endurskoðunarnefndar óskað fyrir samningi við félagið.

Klukkan 15:45 yfirgaf Guðveig Eyglóardóttir fundinn.

8. Elín Smáradóttir kynnti tillögu að viðbrögðum við tillögu að forgangsroðun aðgerða í kjölfar úttektar Innri endurskoðunar og ráðgjafar, sem frestað var á SF 352. Samþykkt að halda starfsdag stjórnar í janúar nk.
9. Lögð fram svohljóðandi tillaga um heimild til kaupa á lóðum úr landi Æsustaða. Tillögunni fylgir greinargerð:  
*Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir kaup á lóðum umhverfis borholur MG-29, MG-34 og MG-36 í Reykjahlíð, Mosfellsbæ. Nánar tiltekið 2500 m<sup>2</sup> úr landi með landnúmeri 176793 fyrir borholu MG-36, 2499,5 m<sup>2</sup> úr landi með landnúmeri 176793 fyrir borholu MG-34 og 722 m<sup>2</sup> úr landi með landnúmeri 176793 fyrir borholu MG-29. Einnig er prókúruhöfum veitt heimild til að undirrita öll nauðsynleg skjöl í þessu sambandi. Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.*
10. Lagt fram minnisblað um auðlindir, nýsköpun, sjálfbærni og umhverfi, dags. 23. 10. sl. Umræður.
11. Lagðar fram til upplýsingar, fundargerðir og minnisblöð framkvæmdastjóra dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur.  
*Minnisblað framkvæmdastjóra Ljósleiðarans ehf. dags. 23. október 2024.*  
*Minnisblað framkvæmastjórnar Veitna ohf. dags. 24. október 2024.*  
*Fundargerð stjórnar Orku náttúrunnar ohf. dags. 22. október 2024.*  
*Minnisblað framkvæmdastjóra Orku náttúrunnar ohf. dags. 22. október 2024.*
12. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli stjórnarfunda, dags. 28. október 2024. Umræður.
13. Önnur mál:  
Þórður Gunnarsson óskar bókað:  
*Óskað er eftir lögfræðialiti á því hvaða leiðir séu færar að endurskilgreina Helligheitina og Hengilsvæðið (að meðtöldum þeim virkjanakostum sem hafa verið settir í verndarflokk rammaáætlunar, svo sem Bitru) í nýtingarflokk, eins og viðkomandi svæði leggja sig í heild. Líkur eru á því að hundruð megavatta liggi þar ónýtt í jörðu. Orkuframleiðsluinnviðir eru þegar til staðar. Aukin framleiðsla á svæðinu hefur því lítið rask í för með sér með tilliti til náttúruverndar.*

Fleira gerðist ekki.

**Fundi slitið kl. 16:45.**

**Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 25. nóvember 2024.**

Gylfi Magnússon,  
Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir,  
Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir.

## STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2024, mánudaginn 30. september kl. 14:30 var haldinn 356. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson og Helena Guðrún Guðmundsdóttir, áheyrnarfulltrúi starfsfólks. Valgarður og Helena tóku þátt um fjarfundabúnað. Guðveig Eyglóardóttir var fjarverandi.

Einnig tóku Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri og Snorri Hafsteinn Þorkelsson þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

### Þetta gerðist:

1. Forstjóri og stjórnarfolk gerðu grein fyrir samskiptum milli stjórnarfunda. Yfirlit forstjóra þar um, dags. 27. september 2024 lagt fram.
2. Fundargerð stjórnarfundar SF355 lögð fram. Fundargerðin samþykkt og verður send til rafrænnar undirritunar stjórnar.
3. Klukkan 14:35 mættu til fundarins Snorri Hafsteinn Þorkelsson, framkvæmdastjóri fjármála. Einnig Sólrún Kristjánsdóttir, framkvæmdastýra Veitna og Anna Gunnlaug Friðriksdóttir, fjármálaleiðtogi Veitna og kynntu fjárhagsspá Veitna og Vatns- og fráveitu fyrir árið 2025 og langtímaspá til ársins 2029.

Klukkan 15:00 mættu til fundarins Árni Hrannar Haraldsson, framkvæmdastjóri Orku náttúrunnar og Einar Ólafsson, fjármálaleiðtogi Orku náttúrunnar og kynntu fjárhagsspá Orku náttúrunnar og ON Power fyrir árið 2025 og langtímaspá til ársins 2029.

Árni veitti jafnframt frekari svör við fyrirspurn RAMV frá SF 353.

Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir óskar bókað:

*Þessi starfsemisþáttur ON hefur almennt haft neikvæða arðsemi síðastliðinn áratug og ekki horfur á að það breytist í fyrirsjáanlegri framtíð. Vafi er á hvort áframhald á þessari vegferð sé í anda eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur. Þar sem fram kemur að stjórn og stjórnendum fyrirtækisins ber að sýna ráðdeild í rekstri og fjárfestingum og að arðsemi fjármagns skuli að lágmarki vera umfram fjármagnskostnað fyrirtækisins sem nemur eðlilegu áhættuálagi í samræmi við rekstrarumhverfi Orkuveitu Reykjavíkur. Eðlilegt væri að fá utanaðkomandi mat á þessu. Ekki síst til að búa þá að skýrum ramma fyrir þetta verkefni sem og önnur möguleg tilraunaverkefni framtíðarinnar.*

Klukkan 15:42 mættu Einar Þórarinsson, framkvæmdastjóri Ljósleiðarans og Þorgeir Hafsteinn Jónsson fjármálaleiðtogi Ljósleiðarans til fundarins og kynntu fjárhagsspá fyrirtækisins fyrir árið 2025 og langtímaspá til ársins 2029.

Klukkan 16:00 mættu Kristinn Ingi Lárusson, viðskiptaþróunarstjóri og Erling Tómasson, fjármálastjóri Carbfix til fundarins og kynntu fjárhagsspá fyrirtækisins fyrir árið 2025 og langtímaspá til ársins 2029.

Klukkan 16:30 kynnti Snorri Hafsteinn Þorkelsson fjármálastjóri fjárhagsspá móðurfélags og samstæðu Orkuveitunnar fyrir árið 2025 og langtímaspá til ársins 2029..

Rekstraráhættuskýrsla og áhættuskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 16. september 2024, lagðar fram.

4. Klukkan 17:10 mættu Dagmar I. Birgisdóttir, leiðtogi áhættustjórnar og Gísli Björn Björnsson, sérfræðingur í áhættustýringu og lögðu fram svohljóðandi tillögu að breytingu á áhættustefnu:

*Meginmarkmið áhættustefnu Orkuveitunnar er að stuðla að því að félagið sinni hlutverki sínu á öruggan og hagkvæman máta innan marka ásættanlegrar áhættu, eðli viðkomandi starfsemi og í samræmi við samþykktar stefnur og markmið um öfluga áhættustjórnun.*

*Áherslur áhættustefnu eru að:*

- *Draga úr sveiflum í afkomu á hverjum tíma með því að greina, meta og stýra áhættum.*
- *Stuðla að fullnægjandi lausafjárstöðu og aðgengi að fjármagni til að standa undir uppbyggingu á þjónustu og reglulegri starfsemi.*
- *Greina áhættur og tækifæri til að stuðla að bættum rekstri og upplýstri ákvarðanatöku.*
- *Stuðla að áhættuvitund starfsfólks.*

*Áhættuhandbók Orkuveitunnar og tengd skjöl lýsa umgjörð áhættustýringar, heildarsýn og áhættuvilja stjórnar. Stjórn felur forstjóra að framfylgja áhættustefnunni og upplýsa með reglubundnum hætti um stöðu áhættuflokka og um áhættur utan skilgreindra viðmiða stjórnar. Breytingar á áhættumörkum og/eða áhættuvilja skulu samþykktar af stjórn.*

*Jafnframt samþykkir stjórn að áhættuvilji og áhættumörk séu rýnd árlega, samhliða rýni á áhættustefnu.*

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

5. Klukkan 17:28 mættu Ellen Ýr Aðalsteinsdóttir, framkvæmdastýra mannauðs og tækni og Ása Björk Jónsdóttir, leiðtogi stafrænnar þróunar, til fundarins og gerði grein fyrir kjarasamningum.
6. Lögð fram til upplýsingar drög að svari til borgarráðs um þróun starfsmannafjölda og launa í samstæðu Orkuveitunnar.
7. Lagt fram minnisblað um auðlindir, nýsköpun, sjálfbærni og umhverfi, dags. 26. september 2024.
8. Lagðar fram til upplýsinga, fundargerðir og minnisblöð framkvæmdastjóra dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur.

*Minnisblað framkvæmdastjóra Ljósleiðarans ehf. dags. 18. september 2024.*

*Minnisblað framkvæmastjórnar Veitna ohf. dags. 30. september 2024.*

*Fundargerð Orku náttúrunnar ohf. dags. 18. september 2024.*

*Minnisblað framkvæmdastjóra Orku náttúrunnar ohf. dags. 18. september 2024*

9. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli stjórnarfunda, dags. 30. september 2024. Umræður.
10. Önnur mál.

- Skúli Þór Helgason leggur fram eftirfarandi tillögu:  
*Tillaga: Óskað er eftir upplýsingum um stöðu rannsóknar- og þróunarvinnu innan OR á virkjanamöguleikum sjávarfalla á Íslandi. Sérstaklega er óskað upplýsinga um hver staðan sé á kortlagningu virkjanakosta, hvaða kostir komi helst til greina út frá hagkvæmni og fýsileika og eftir atvikum til hvaða aðila úr röðum fræðasamfélags, frumkvöðla og fjárfesta hafi verið leitað til þessa með mögulegt samstarf í huga á þessu sviði. Loks er óskað eftir stuttri samantekt á því hvaða nágrannaríki okkar hafa helst haslað sér völl á sviði virkjunar sjávarfalla, hvaða árangri þau hafa náð til þessa og helstu framtíðaráform á þessu sviði, sem gætu nýst sem fyrirmyndir fyrir virkjun sjávarfalla á Íslandi.*
- Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir leggur fram eftirfarandi tillögu:  
*Lagt er til að stjórn Orkuveitu Reykjavíkur aflétti trúnaði á minnisblaði Innri endurskoðunar um frávík frá eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur dagsett 3. maí 2024 og birti eigendum sínum minnisblaðið án tafar.*

Fleira gerðist ekki.

**Fundi slitið kl. 18:05.**

**Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 28, október 2024.**

Gylfi Magnússon,  
Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir,  
Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson.



# Til stjórnar Orkuveitunnar

SF 357

VEL

Reykjavík, 28. október 2024

## Minnisblað

### Úttekt á ISO 27001-vottun Orkuveitunnar 2024 – helstu niðurstöður og tillögur til úrbóta

Dagana 23.-26. september sl. fór fram úttekt BSI á Íslandi á stjórnunarkerfi upplýsingaöryggis samkvæmt ISO 27001-staðlinum. Úttektin gekk almennt vel fyrir sig en **eitt frávik** kom upp á meðan úttektinni stóð auk þess sem gerðar eru **sjö ábendingar** í skýrslu úttektaraðila. Frávikið lýtur að opnum skjá í stjórnstöð rafmagns hjá Veitum. Í skoðun er hvernig hægt sé að bregðast við því. Ábendingarnar lúta að ýmsum atriðum, allt frá öryggi hugbúnaðarþróunar og til rýni stjórnenda.

Í úttektinni féllst úttektaraðili á þau sjónarmið Orkuveitunnar að **stjórnunarkerfið væri komið til ára sinna og þarfnaðist heildarendurskoðunar**, bæði hvað varðar ferla og það kerfi sem notast er við í dag.

Þá var það niðurstaða úttektaraðila að Orkuveitan sé **tilbúin í uppfærslu upp í nýjustu útgáfu staðalsins frá 2022**. Sú útgáfa felur í sér umtalsvert strangari kröfur, m.a. til tæknilegs öryggis og tekur mið af kröfum NIS2 löggjafarinnar (net- og upplýsingaöryggi mikilvægra innviða) sem búist er að taki gildi í síðasta lagi árið 2026 á Íslandi. Orkuveitan og þrjú dótturfélaganna munu falla undir þá löggjöf. Í úttektinni kynnti leiðtogi upplýsingaöryggis verkefnaáætlun næsta árs til að ná fullri hlítingu við kröfur 2022-staðalsins. Flestar þeirra nýju krafna sem staðallinn leggur til eru uppfylltar að einhverju leyti í dag. Í sumum tilvikum er þó nauðsynlegt að skerpa á tilteknum atriðum, t.d. varðandi kröfur til rekstrarsamfellu, öryggis birgðakeðjunnar, öruggtrar hugbúnaðarþróunar o.fl.

Nokkur atriði þarfnast nánari athugunar í kjölfar úttektarinnar. Annars vegar sú staðreynd að **sami úttektaraðilinn hefur nú séð um ytri úttektir Orkuveitunnar í yfir 10 ár** og þekkir orðið starfsemina mjög vel. Almennt er litið svo á að skipta skuli um úttektaraðila á þriggja ára fresti til að forðast þær aðstæður að viðkomandi verði of samdauna starfseminni. Að mati leiðtoga upplýsingaöryggis er svo komið að nauðsynlegt er að fá nýjan aðila til verksins og fá ferska sýn



á starfsemi þess. Þá komu upp atvik í úttektinni sem hefðu alla jafna átt að leiða til þess að skráð væri frávik en svo var ekki gert.

Hins vegar þarf að eiga sér stað **umræða um gæði úttektarinnar með hliðsjón af stærð og umfangi reksturs Orkuveitunnar og dótturfélaganna**. Líóst er að NIS2 mun koma til með að leggja auknar kröfur á dótturfélögin um net- og upplýsingaöryggi. Eins og vottunin og úttektarfyrirkomulagið er í dag nær úttektaraðilinn eingöngu mjög yfirborðskennndri úttekt á dótturfélögunum. Úttektaraðilinn benti á að hægt væri að afla sk. „sub-certificate“ fyrir dótturfélögin sem væru tengd vottun móðurfélagsins sem gæfi félögunum aukna dýpt í úttektunum. Að mati leiðtoga upplýsingaöryggis þarf að skoða þessi mál vandlega með hliðsjón af komandi löggjöf og hvort það nægi að hafa eina heildarvottun fyrir alla starfsemina eða ekki.

Vigdís Eva Líndal,

Leiðtogi upplýsingaöryggis



Til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur

SF 358

ÞAÞ

Reykjavík 16. október 2024

## Tillaga

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir kaup á lóðum umhverfis borholur MG-29, MG-34 og MG-36 í Reykjahlíð, Mosfellsbæ. Nánar tiltekið 2500 m<sup>2</sup> úr landi með landnúmeri 176793 fyrir borholu MG-36, 2499,5 m<sup>2</sup> úr landi með landnúmeri 176793 fyrir borholu MG- 34 og 722 m<sup>2</sup> úr landi með landnúmeri 176793 fyrir borholu MG-29. Einnig er prókúruhöfum veitt heimild til að undirrita öll nauðsynleg skjöl í þessu sambandi.

## Greinargerð

Úr landinu Æsustaðir í Mosfellsbæ hefur verið stofnuð spilda með landnúmeri 176793. Veitur ohf. starfrækja borholur MG-34 og MG-36 á umræddri spildu, sem er í eigu Sigurdórs Sigurðssonar og Þóris Garðarssonar. Borhola MG-29 er á aðlægni lóð spildunnar.

Borholur teljast til lykilinnviða og eru þess eðlis að þær eiga að þjóna um ókominn tíma. Miklir hagsmunir eru fólgnir í því að tryggja réttindi tengdum borholum, með kaupum á lóðum umhverfis þær, fremur en með leigu. Tíðkast hefur hjá samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur að leigja lóðir undir réttindi sem þessi til 99 ára. Áhætta við slíkt takmarkað eignarhald er til að mynda sú, að fari eign á nauðungarsölu, falla öll umráðaréttindi, kvaðir og höft niður. Raunin er að Orkuveita Reykjavíkur hefur glatað réttindum vegna þessa.

Stefna samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur hefur verið sú, að Orkuveita Reykjavíkur komi fram sem eigandi að eignarlöndum og leigi á lóðarleigu til dótturfélaga sinna. Lagt er til að Orkuveita Reykjavíkur kaupi lóðir undir borholur MG-29, MG-34 og M-36, og leigi á lóðarleigu til Veitna ohf., líkt og teikningar í fylgiskjöllum sýna. Nánar tiltekið 2500 m<sup>2</sup> úr landi með landnúmeri 176793 fyrir borholu MG-36, 2499,5 m<sup>2</sup> úr landi með landnúmeri 176793 fyrir borholu MG- 34 og 722 m<sup>2</sup> úr landi með landnúmeri 176793 fyrir borholu MG-29.

Meðfylgjandi er verðmat frá Fasteignasölu Mosfellsbæjar dags. 23. maí 2024. Þar kemur fram að líklegt fermetraverð á umræddri spildu sé frá kr. 4.000,- til 4.500,-, að deiliskipulagi loknu. Ofangreindir aðilar, eigendur spildunnar, hafa fallist á sölu á lóðum umhverfis borholur MG-29, MG-34 og MG-36 fyrir kr. 5.500,- fyrir hvern fermetra. Samtals kr. 31.468.250,- fyrir 5721,5 m<sup>2</sup>.

Þóra Kristín Þorkelsdóttir

Þóra Kristín Þorkelsdóttir





### **Fylgiskjöl**

1. Teikning nr. C-14-0001 fyrir borholu MG-29
2. Teikning nr. C-14-0001 fyrir borholu MG-34
3. Teikning nr. C-14-0001 fyrir borholu MG-36
4. Verðmat Fasteignasölu Mosfellsbæjar dags. 23. maí 2024

# Minnisblað

Viðtakandi: Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri

Sendandi: Hera Grímsdóttir, Harpa Pétursdóttir og Ingvi Gunnarsson

Dagsetning: 23.10.2024

## EFNI: MINNISBLAÐ UM AUÐLINDIR, NÝSKÖPUN, SJÁLFBÆRNI OG UMHVERFI

### Massavinnsla og nýtingarleyfismörk á Hellisheiði

Samkvæmt 4. gr. nýtingarleyfis á jarðhita á Hellisheiði, sem Orkustofnun veitti ON þann 2. nóvember 2015 og endurskoðun þess, 1. október 2020, má verg massavinnsla úr jarðhitageymi nema allt að 38 Tg/ár.

Samkvæmt spá um lágmarkspörf massavinnslu til að standa við fyrirliggjandi framleiðsluáætlun fyrir Hellisheiðarvirkjun út árið, mun massavinnsla ársins enda í rúmlega 38 Tg/ár. Samkvæmt spá um áætlaða hámarksgetu vinnsluhola og mögulega vinnslu næstu þrjá mánuði gæti massavinnsla ársins endað í um 39 Tg/ár. Í þessari áætlun er ekki er gert ráð fyrir atvikum í rekstri sem gætu kallað á meiri massavinnslu. Að teknu tilliti til 3% óvissu í mælingum og reikningum á massavinnslu er þó ekki talið að ON fari umfram heimildir massavinnslu í nýtingarleyfi í ár.

Sótt hefur verið um heimild til aukinnar massavinnslu í nýtingarleyfi en stofnunin hefur ekki lokið málsmeðferð en væntir að svar liggi fyrir eigi síðar en um áramót. Stofnunin hefur jafnframt verið upplýst um þessa spá um nokkurt skeið.

### Sjálfbærni og umhverfi


Mat CDP. Líkt og undanfarin ár hefur umfangsmiklum gögnum um umhverfis og loftslagsmál verið skilað til Carbon Disclosure Project (CDP) sem rekur alþjóðlegt upplýsingakerfi um umhverfismál. Einkunn mats CDP á gögnum Orkuveitunnar á síðasta ári var A-. Von er á niðurstöðum úr næsta mati í janúar 2025.

Innleiðing CSR/ESRS, sjá kynningu sjálfbærnistjóra Orkuveitunnar á fundi stjórnar.

### Staða grunnvatns

Mælingar á stöðu grunnvatnsborðs í Heiðmörk og á öðrum vatnsvinnslusvæðum Veitna eru notaðar til þess að fylgjast með stöðu grunnvatnsforða neysluvatnsauðlinda. Nú er búið að sækja og vinna gögn úr tæplega áttatíu skynjurum sem komið hefur verið fyrir í borholum víðsvegar um vinnslusvæði Veitna og Orku náttúrunnar undanfarin ár. Á mynd 1 má sjá grunnvatnshæð í holu I í Grenkrika í Heiðmörk sem hefur verið í vöktun síðan 1973. Á myndinni má sjá að vatnsstaða var í sögulegu lágmarki hluta sumarsins 2024. Vatnsstaða var lág í upphafi árs vegna lítillar úrkomu árið 2023 og ekki kom til umfangsmikillar bráðnunar í vor sem hækkar jafnan vatnsstöðu að vori. Þessi lága vatnsstaða hafði ekki í för með sér neinar truflanir á rekstri Veitna og kom hvergi til vandamála með afhendingaröryggi. Hins vegar gerir lág vatnsstaða það að verkum að minna er í sumum vötnum og ám. Eðlilegt er að þannig staða vekji upp spurningar um samband vatnsvinnslu og grunnvatnsstöðu. Orkustofnun óskaði eftir samtali við vatnsveiturnar á höfuðborgarsvæðinu í tengslum við lága vatnstöðu í Hvaleyrarvatni og lítið rennsli í Kaldá þetta sumarið og mögulega tengingu þess við vinnslu Veitna og Vatnsveitu Kópavogs úr Vatnsendakrikum. Fundurinn fór vel fram og var rætt um að árferði og að náttúrulegur breytileiki í vatnsborðsstöðu spili stærra hlutverk heldur en vinnslan þar sem breytileiki innstreymis úrkomu á vatnasviðinu er margfalt meiri heldur en vatnsvinnslan. Unnið hefur verið að auknum

skilningi á mögulegum áhrifum vinnslu úr Vatnsendakrikum á vatnsból vatnsveitu Hafnafjarðar í Kaldárbotnum undanfarin ár með umfangsmikilli vöktun og álagsprófi og bráðabirgðarniðurstöður gefið tilefni til bjartsýni með að áhrifin séu ekki mikil. Markmiðið er að hægt verði að nýta svæðið á ábyrgan hátt um alla framtíð en vatnsgæði þar eru stöðug og góð og landhæð svæðisins mikilvæg fyrir þrýsting í kerfinu.



Mynd 1 Grunnvatnsborð í borholu I í Grenkrikum í Heiðmörk. Sýnd er spönn dagsmeðaltala frá 1973 til 2023 ásamt meðaltali og staðalfrávik. Grunnvatnsstaðan árið 2024 er sýnd með rauðri línu.

### Tilkynning til íbúa í Borgarnesi um að sjóða neysluvatn vegna óvissu með vatnsgæði frá Seleyri

Upplýsingar bárust frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands (HEV) þann 3. október um mögulegan E.coli vöxt (73 kólóníur/100 ml) í neysluvatnssýni teknu í lagnahúsi við Borgarfjarðarbrú þann 1. október. Strax var ákveðið að endurtaka sýnatöku en einnig að senda út tilkynningu um að sjóða neysluvatn í varúðarskyni til íbúa í Borgarnesi þar sem um óvenjulega há gildi væri að ræða. Fulltrúar Veitna og HEV fóru í sýnatökuna og voru tekin sýni á fimm mismunandi stöðum. Að morgni 4. október fengust upplýsingar frá Matís um að ekki hefðu ræktast upp vísbendingar um kólí í neinu sýninu. Var tilmælunum þá aflétt.

Staðfestar niðurstöður liggja fyrir og komu öll sýnin frá 3. október vel út. Hvort um raunverulega mengun hafi verið að ræða 1. október eða hvort það sýni hafi verið ófullnægjandi er ekki hægt að staðfesta með fullri vissu. Veitur og Heilbrigðiseftirlitið töldu mikilvægt að gefa út tilmæli til íbúa í varúðarskyni þrátt fyrir óvissu.

Mikið viðbragð fer af stað í svona tilfellum þar sem um matvælaöryggi er að ræða. Í kjölfarið á þessum atburði munu Veitur/RoN yfirfara aðstæður á öllum sýnatökustöðum, fara yfir verklag með Heilbrigðiseftirlitinu til að minnka líkur á því að ófullnægjandi sýni séu tekin og ýta áfram samningamálum á Seleyri þannig að hægt verði að koma í framkvæmd verkefni um endurnýjun á dælustöð þar sem sett verður upp lýsingartæki.

### Staða rannsóknaborana á vatnsverndarsvæði Bláfjöllum

Eins og fram kom í seinasta minnisblaði hafa staðið yfir rannsóknarboranir í Bláfjöllum frá því í sumar. Sagt var frá því seinast að verkið hafi gengið nokkuð erfiðlega. Tekin hefur verið ákvörðun um að fresta verkefninu fram á næsta vor vegna þess að ekki þótti vænlegt að halda áfram vegna vetrarkomu. Mikilvægara sé að hægt sé að klára verkið á öruggan hátt þar sem unnið sé á vatnsverndarsvæði.

### **Rannsóknarholur fyrir hitaveitu Veitna**

Borun 800 m rannsóknarholu á Brimnesi er hafin. Þessi hola er ein af fjórum sem Ræktó mun bora fyrir Veitur núna í haust og vetur. Hinar eru á Geldinganesi og í Nefsholti (í Rangárþingi ytra) auk annarrar holu á Brimnesi. Holurnar á Geldinganesi og Brimnesi eru hugsaðar til þess að leita að nýjum lághitaaudlindum sem hægt er að nýta fyrir hitaveitu höfuðborgarsvæðisins en holan í Nefsholti er hugsuð til að auka vinnslugetu á Laugalandi fyrir Rangárveitu. Þessar holur verða boraðar með svokallaðri undanfaraðaferð (pilot) sem felst í því að þær verða boraðar með 6 1/2" krónu niður á fullt dýpi og þá verður tekin ákvörðun um hvort rýmt verður fyrir vinnslufóðringu og hún sett niður. Þessi aðferð er heppileg þegar mikil óvissa er um árangur. Holur af þessu tagi geta gefið um 25 l/s ef þær hitta á lekt. Ræktó mun nota tvö bortæki í verkið og er áætlað að verkinu ljúki í janúar.

### **Nýir orkukostir**

#### **Meitlar og Hverahlíð II**

Rannsóknir í Hverahlíð og Meitlum eru á áætlun að mestu leyti, borútboði er nú lokið og komu tvö tilboð í rannsóknarboranir. Ekki hefur verið gengið frá samningum í kjölfar útboð. Hola HR-01 er hins vegar utan útboðsins og er verið að skoða samningsgerð við borverktaka vegna holunnar. Áætlað er bora HR-01 með rafmagnsbor frá Carbfix í maí 2026 sem verður mannaður af Jarborunum. Carbfix er nú að ljúka samningsgerð við Jarðboranir og gert er ráð fyrir niðurstöðum og boráætlun í byrjun nóvember.

### **Þverárdalur**

Þverárdalur er metinn sem 90 MW kostur og fellur í nýtingarflokk rammaáætlunar. Eftir rannsóknir síðustu ára hefur komið í ljós að jarðhiti finnst að mestu í suðvestur horni afmarkaðs nýtingarsvæðis og sunnan við svæðið og því í undirbúningi erindi til verkefnastjórnar rammaáætlunar þess efnis að skoða möguleikann á því að færa afmörkun virkjunarkostsins í nýtingarflokki að einhverju leyti til suðurs. Ekki er ljóst hver komi til með að vera niðurstaða þeirrar beiðni en vert að láta á það reyna enda myndi það bæta Þverárdal sem orkuvinnslukost verulega ef beiðnin fæst samþykkt.

### **Krýsuvíkursveimar og Mosfellsheiði**

Rannsóknarverkefni um Krýsuvíkursveima og Mosfellsheiði hafa verið í undirbúningi um nokkurt skeið. Lokið hefur verið við aðfangaverli rannsóknarverkefnanna að svo stöddu þar sem þau voru samþykkt. Óskað var leyfis forsætisráðuneytisins til að rannsaka Mosfellsheiðina þar sem svæðið er þjóðlenda og var leyfi veitt þann 16. október sl. Rannsóknarleyfisumsókn hefur jafnframt verið lögð inn til Orkustofnunar og er beðið niðurstöðu stofnunarinnar áður en hafist verður handa við rannsóknir á svæðinu. Áætlað er að hefjast handa við yfirborðsrannsóknir á vormánuðum 2025. Einnig er á dagskrá fundur með sveitarfélaginu Grímsnes- og Grafningshreppi en fundir með landeigendum Nesja og Sveitarfélaginu Ölfusi hafa þegar átt sér stað og voru jákvæð viðbrögð við tillögunni en samningar hafa ekki verið frágengnir. Hvað varðar Krýsuvíkursveima þá hefur skoðun á landeigendum átt sér stað auk skoðunar á skörun svæðisins við verkefni Carbfix um Coda Terminal en verkefnið hefur verið á ís á meðan unnið er að Coda Terminal um sinn. Um þessar mundir er verið að setja upp fundi með hagaðilum verkefnisins, landeigendum og sveitarfélögum til frekara samráðs um verkefnið.

## **Ölfusdalur**

Umsókn um rannsóknarleyfi var send Orkustofnun þann 19. júní sl. og hefur stofnunin svarað því til að verið sé að vinna að umsókn dótturfyrirtækis Rarik, Sunnlenskrar orku, um sama rannsóknarsvæði og því sé ekki að vænta svars við okkar umsókn fyrr en að þeirri málsmeðferð lokinni.

## **Vindorka**

Útboði vegna tilboða í mælitæki fyrir vind fyrir öll þrjú vindverkefni Orkuveitunnar er lokið og búið er að skrifa undir samning við tilboðsgjafa. Verkefnin þrjú sem eru til skoðunar, Dyravegur, Lyklafell og Lambafell, voru kynnt verkefnastjórn rammaáætlunar þann 21. ágúst sl. og ljóst að kostirnir þrír verða teknir til nánara mats af faghópum á næstunni. Um þessar mundir standa yfir samtöl við landeigendur á svæðunum en leyfi forsætisráðuneytis til rannsókna á Dyravegi var veitt þann 16. október sl., með vísan til 2. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998.